

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2025

2025/EES/46/07

frá 8. maí 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1618 frá 6. júní 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/763 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda og opinbera birtingu á lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90490, 8.8.2024.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 14azza (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/763) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 1618:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1618 frá 6. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1618, 7.6.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90490, 8.8.2024.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1618, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90490, 8.8.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1618, 7.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1618/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.